



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Breyting á stjórn Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE - Reykjavík

Í hjálagðri 7. gr. skipulagsskrár fyrir Menningarsjóðinn IMAGINE PEACE – Reykjavík kemur fram að menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar, nú menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar skipar tvo fulltrúa í stjórn sjóðsins til 4 ára í senn.

Þann 24. september 2018 voru Arna Schram, kt. 150368-5889 og Huld Ingimarsdóttir, kt.070456-2579 skipaðar af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar í stjórn Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE – Reykjavík og hafa þær nú lokið stjórnarsetu sinni.

Lagt er til að ráðið skipi nú Eirík Björn Björgvinsson, kt. 060966-3899 og Maríu Rut Reynisdóttir, kt. 220774-3099 í stjórn Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE - Reykjavík.

Virðingarfyllt,

Huld Ingimarsdóttir

starfandi sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasvið

Hjálagt:

Skipulagsskrá Menningarsjóðs IMAGINE PEACE – Reykjavík frá 24.nóvember 2010

Tilkynning menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs á breytingu á stjórn Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE frá 24. september 2018

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

gjörir kunnugt:

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir **Menningarsjóðinn**
IMAGINE PEACE- Reykjavík sem fest er hér við og geymd er hjá
Sýslumanninum á Sauðárkróki í staðfestu ljósriti.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 7.janúar 2011.


Ólafur Þómas



[Handwritten signature]

Staðfesting
á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóðinn
IMAGINE PEACE- Reykjavík.

Gjald kr.7.500,-



SKIPULAGSSKRÁ

FYRIR

MENNINGARSJÓÐ IMAGINE PEACE – REYKJAVÍK

Menningarsjóður á Íslandi sem endurspeglar hugmyndafræði IMAGINE PEACE með sérstakri áherslu á stuðning við verkefni tengd börnum og ungmennum, græn gildi og hreina orku sem og á verkefni sem efla mannréttinda- og friðarstarf

1. gr.

Nafn

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður IMAGINE PEACE – REYKJAVÍK, hér eftir nefndur sjóðurinn.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar í samræmi við lög nr. 19 frá 1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið og hlutverk

Markmið sjóðsins er að styðja við og styrkja menningarverkefni á eftirfarandi þremur grunnsviðum:

1. menningarverkefni tengd börnum og ungmennum;
2. menningarverkefni tengd grænum gildum og stuðningi við hreina orku og
3. menningarverkefni sem efla mannréttinda og friðarstarf

Verkefnin skulu vera í samræmi við hugmyndafræði IMAGINE PEACE, sem byggir á því að hver einstaklingur hafi vald til að breyta heiminum með því að taka afstöðu og „hugsa sér frið“ (e. imagine peace).

4. gr.

Fjármunir og ráðstöfun þeirra

Sjóðurinn mun taka við frjálsum framlögum frá einstaklingum og lögaðilum. Þá mun sjóðurinn fá tekjur af viðburðum tengdum Friðarsúlunni í Viðey samkvæmt ákvörðun þar um á hverjum tíma, sem og hlutfall af þeim sölutekjum sem verða til vegna sölu á vörum sem merktar eru Friðarsúlunni samkvæmt nánara

samkomulagi. Að auki munu allar tekjur af ávöxtun fjár sjóðsins renna beint til sjóðsins.

Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs á innborgunardegi stofnfjár. Aðeins er heimilt að verja vöxtum af uppfærðum höfuðstól sjóðsins á hverjum tíma sem og síðari framlögum og/eða öðrum tekjum sjóðsins, þ.m.t. árgjald stofnanda sjóðsins, að hluta eða öllu leyti til styrkveitinga og framlaga. Heimilt er að leggja hluta af tekjunum til hliðar og veita hærri styrk(i) en ella á komandi ári.

Höfuðstól sjóðsins skal varðveita með tryggum hætti í banka eða stofnun sem tryggir ávöxtun hans. Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

5. gr.

Stofnendur

Stofnandi sjóðsins er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.000.000 sem greitt er af Reykjavíkurborg.

Stofnandi sjóðsins skal greiða árgjald 9. október árin 2011, 2012 og 2013. Fjárhæð árgjaldsins skal vera kr. 1.000.000 hverju sinni. Árgjaldið skal breytast í samræmi við neysluvísitölu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Tveir skulu vera skipaðir af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og skal annar þeirra vera formaður. Þriðji stjórnarmaður er skipaður af hálfu Yoko Ono.

Stjórnarmenn eru skipaðir til 4 ára í senn, en segi þeir sig úr stjórn skulu nýir stjórnarmenn skipaðir í þeirra stað á sama hátt og að ofan greinir.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi úr sjóðnum fyrir stjórnarstörf sín.

Stjórnin úthlutar úr sjóðnum 9. október ár hvert í samræmi við markmið og hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins setur sér viðmiðunarreglur um hvernig staðið verði að ákvörðun styrkja, fjárhæð þeirra hverju sinni, o.fl. Stjórnin tekur

ákvörðun um breytingu á skipulagsskrá þessari eða niðurfellingu á sjóðnum, sbr. 12. gr. skipulagsskrár þessarar.

Einróma samþykki stjórnarmanna þarf til samþykktar á mikilvægri ákvörðun. Með „mikilvægri ákvörðun“ er átt við ákvörðun stjórnar um breytingar á skipulagsskrá þessari, niðurlagningu sjóðsins og ráðningu framkvæmdastjóra og/eða launaðra starfsmanna sjóðsins. Í öðrum tilfellum ræður meirihluti stjórnar úrslitum mála á fundum stjórnar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og sér til þess að allir stjórnarmenn mæti. Heimilt er að nota fjarfundabúnað eða sambærilegan fjarskiptabúnað til að halda stjórnarfundi. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Annars konar stjórnun

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar skal annast umsýslu umsókna og önnur tengd störf fyrir sjóðinn á milli stjórnarfunda. Engin þóknun skal greidd fyrir þá þjónustu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Hann fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum sjóðsins allar upplýsingar um fjármuni sjóðsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur sjóðsins

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 9. október til 8. október næsta ár á eftir. Fyrsta reikningsárið hefst 9. október 2010 og lýkur 8. október 2011.

Reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið reikningsár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun stofnfjár og meðferð þess. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fela banka eða annarri fjármálastofnun fjárvörslu fjármuna sjóðsins.

12. gr.

Niðurlagning sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal leggja sjóðinn niður ef Friðarsúlan verður fjarlægð úr Víðey eða eyðileggst.

Ennfremur er heimilt að leggja sjóðinn niður ef allir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðarkróki fyrir niðurlagningu.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til eins eða fleirri aðila sem stjórnin metur svo að falli að hugmyndafræði Friðarsúlunnar.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðarkróki á skipulagsskrá þessari, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 140 frá 2008 um framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. 7. gr. laga nr. 19 frá 1988.

Undirritað í Reykjavík 24/11 2010

F.h. Reykjavíkurborgar sem stofnanda sjóðsins

Regína Ásvaólsdóttir

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Stjórnirinnar



Sauðarkróki 7. janúar 2011



Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkurborgar

tilkynnir um breytingu á stjórn

Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE – Reykjavík

Þann 12. nóvember 2010 voru Svanhildur Konráðsdóttir, kt. 181165-4059, og Andri Snær Magnason, kt. 140773-5229, skipuð af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar, nú menningar-, íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkurborgar, í stjórn Menningarsjóðsins IMAGINE PEACE-Reykjavík

Hinn 21. febrúar 2018 óskuðu þau eftir því að segja sig úr stjórn sjóðsins. Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar þann 24. september 2018 var úrsögn þeirra tekin fyrir og samþykkt.

Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skipulagsskrár fyrir Menningarsjóðinn IMAGINE PEACE – Reykjavík, skipar menningar-, íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkurborgar tvo nýja stjórnarmenn í stjórn sjóðsins, þ.e. Örnú Schram, kt. 150368-5889, og Huld Ingimarsdóttur, kt. 070456-2579.

Reykjavík, 24. september 2018

Samþykkt f.h. menningar-, íþróttá-
og tómsundaráð Reykjavíkurborgar,

Staðfesta stjórnarsetu
með undirritun sinni,



Arna Schram



Huld Ingimarsdóttir